

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Magnúsar Más Kristjánssonar.

1. gr.

Nafn sjóðs, heimili og varnarþing.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Magnúsar Más Kristjánssonar, í skipulagsskrá þessari nefndur sjóðurinn.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

Sjóðurinn starfar á grundvelli laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988. Sjóðurinn mun ekki hafa með höndum atvinnurekstur.

2. gr.

Tilgangur og markmið sjóðsins.

Tilgangur sjóðsins er að hvetja til náms í lífefna- og sameindalíffræði og vera hvati til að skara fram úr.

Markmið sjóðsins er að veita árlega peningaverðlaun til þess nemanda sem útskrifast með hæstu einkunn í BS-námi í lífefna- og sameindalíffræði við Háskóla Íslands. Verðlaunin verða afhent við hátíðlega athöfn á vormánuðum ár hvert og mun athöfnin nýtast til að auka sýnileika námsbrautar og rannsókna á sviði lífefna- og sameindalíffræði.

3. gr.

Stofnendur sjóðsins.

Stofnendur sjóðsins eru Manuela Magnúsdóttir, kt. 041185-6199, Jens G. Hjörleifsson, kt. 080487-3399, Guðrún Rútsdóttir, kt. 280981-5329, og Kristinn Ragnar Óskarsson, kt. 110491-2399.

4. gr.

Stofnframlag og tekjur sjóðsins.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2.097.000 sem lagt er fram af stofnendum, sbr. 3. gr.

Aðrar tekjur sjóðsins eru eftirfarandi:

Vextir og arður af eignum sjóðsins.

Fé og annað verðmæti sem safnast í nafni sjóðsins, s.s. frjáls framlög einstaklinga, félagasamtaka eða fyrirtækja auk fjármagnstekna af eignum sjóðsins.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og frekari framlögum frá þeim sem vilja veita tilgangi hans og markmiðum brautargengi skv. 2. gr.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hann kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi gagnvart sjóðnum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur einstaklingum til 5 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir einstaklingar í varastjórn til sama tíma. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða og hafa forræði á búi sínu. Stjórnarmenn og skipaður fjárvörsluaðili skulu á hverjum tíma uppfylla lögbundin hæfisskilyrði til setu í stjórn sjóðsins. Missi stjórnarmenn, framkvæmdastjóri eða skipaður fjárvörsluaðili hæfi til stjórnarsetu skulu þeir upplýsa sýslumann um það. Stjórnarmenn og skipaður fjárvörsluaðili skulu skýra satt og rétt frá högum sjóðsins í opinberum auglýsingum eða tilkynningum, skýrslum, ársreikningi eða tilkynningum til sýslumanns.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sjóðsins sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórn sjóðsins getur veitt umboð fyrir sjóðinn.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

6. gr.

Stjórnarfundir og veiting hvatningarverðlauna.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Stjórnin úthlutar hvatningarverðlaunum á grundvelli tilnefningar. Við veitingu skal taka mið af tilgangi og markmiði sjóðsins. Ef tveir eða fleiri umsækjendur fá jafnháa einkunn, er stjórn heimilt að úthluta fleiri en einum einstaklingi verðlaunum. Kennslustjóri verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands, eða sá sem hann tilnefnir, tilkynnir stjórn sjóðsins hver útskrifast með hæstu einkunn í BS-námi í lífefna- og sameindalíffræði.

7. gr.

Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur sjóðsins, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

8. gr.

Bókhald, reikningsárið og endurskoðun.

Sjóðurinn skal færa bókhald um starfsemi sína. Stjórn, framkvæmdastjóri eða fjárvörsluaðili sjóðsins skal semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við lög um bókhald, nr. 145/1994.

Ákvæði laga um bókhald gilda um hæfi og störf skoðunarmanna og trúnaðarmanna. Trúnaðarmenn mega ekki sitja í stjórn eða gegna stjórnunarstörfum fyrir sjóðinn.

Sjóðurinn skal kjósa einn eða fleiri endurskoðendur, endurskoðunarfyrtæki, skoðunarmenn eða trúnaðarmenn til að yfirfara ársreikning og varamenn þeirra. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna sjóðsins.

Ákvæði laga um endurskoðendur og endurskoðun gilda um hæfi og störf endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja. Trúnaðarmenn mega ekki sitja í stjórn eða gegna stjórnunarstörfum fyrir sjóðinn.

Ákvæði laga um bókhald gilda um hæfi og störf skoðunarmanna og trúnaðarmanna.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunar og til næstu áramóta.

Ákvæði gildandi laga hverju sinni um endurskoðendur og endurskoðun gilda um hæfi og störf endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja.

Ársreikningur skal fullgerður og undirritaður eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs. Ársreikningur skal lagður fram á stjórnarfund sjóðsins til samþykktar. Senda skal sýslumanni áritaðan ársreikning fyrir næstliðið ár eigi síðar en 31. ágúst ár hvert.

9. gr.

Breyting skipulagsskrá, sameining og niðurlagning.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hann niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Vestfjörðum. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiðanna sem greint er frá í 2. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

10. gr.

Persónuvernd.

Sjóðurinn vinnur með persónuupplýsingar í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Upplýsingar eru einungis notaðar í þeim tilgangi sem nauðsynlegur er fyrir starfsemi sjóðsins og er ekki miðlað til þriðja aðila nema lög kveði á um það eða samþykki liggi fyrir. Sjóðurinn tryggir viðeigandi öryggisráðstafanir til að vernda upplýsingar og virðir réttindi einstaklinga í samræmi við gildandi lög.

11. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Um starfsemi sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988. Staðfestingar sýslumannsins á Vestfjörðum skal leitað á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 19. nóvember 2025.

Thelma Dögg Theodórsdóttir.

Helga Haraldsdóttir.